



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. október 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, 90. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Með frumvarpinu er verið að lögfesta að fresta skuli að ósk gerðarþola nauðungarsölum fram yfir 31. janúar 2010. Samskonar tímabundin frestun hefur verið í gildi skv. lögum 23/2009.

Samtökin eru hlynnt frumvarpinu enda er eðlilegt að skuldurum í greiðsluferfiðleikum sé gefinn kostur á að endurskipuleggja fjármál sín í tengslum við nýsamþykkt lög um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Samtökin telja þó mikilvægt að þessi tímabundna frestun verði ekki framlengd frekar. Virðist það hafa sýnt sig, sbr. tölulegar upplýsingar í greinargerð frumvarpsins að fæstir þeirra gerðarþola sem óskað hafa eftir slíkum fresti hafi hingað til nýtt sér það ráðrúm sem frestunin gaf þeim til að endurskipulagningar fjármála sinna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.